



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Matvælaráðuneyti
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Reykjavík 23. febrúar 2023

2302015SA KB
Málalýkill: 00.63

Efni: Umsögn um drög að landbúnaðarstefnu, S-30/2023

Vísað er til tilkynningar í samráðsgátt, dags. 10. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögnum um drög að þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu.

Samkvæmt drögunum er meginmarkmið landbúnaðarstefnunnar að efla og styðja við íslenskan landbúnað þannig að Ísland verði leiðandi í framleiðslu á heilnæmum landbúnaðarafurðum með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Sett er fram framtíðarsýn í 15 liðum og meginviðfangsefni flokkuð í 10 liðum. Eðli málsins samkvæmt skarast landbúnaðarstefna og matvælastefna sem einnig er til umsagnar í samráðsgátt og vísast um sjónarmið sambandsins um málið því einnig til umsagnar um matvælastefnu.

Afstaða sambandsins

Í stefnumótun sambandsins fyrir árin 2022-2026 segir:

“Brýnt er að unnin verði stefnumótun um landbúnað og fæðuöryggi þar sem lögð verði áhersla á sjálfbæra landnýtingu og byggt á flokkun landbúnaðarlands.”

Sambandið telur því jákvætt að til standi að setja landbúnaðarstefnu fyrir Ísland. Þá hittu fulltrúar sambandsins verkefnastjórn um landbúnaðarstefnu og sambandið skilaði inn [umsögn](#) um *Ræktun Ísland! Umræðuskjal um landbúnaðarstefnu fyrir Ísland*. Þau stefnudrög sem nú eru til umsagnar endurspeglu ágætlega þau sjónarmið sem sambandið hefur áður lagt fram í málinu. Sambandið vill þó koma á framfæri eftirfarandi atriðum:

- Mikilvægt er að við mótun aðgerðaáætlunar á grundvelli stefnunnar verði horft einnig til annarra stefna og áætlana stjórnvalda s.s. á sviði byggðamála, ferðaþjónustu, orkumála, loftlags- og úrgangsmála, samgöngu- og fjarskiptamála o.s.frv. til að samþætta aðgerðir og koma í veg fyrir skörun og tvíverknað. Aðgerðaáætlunina þarf því að vinna í víðtæku samráði milli ráðuneyta sem og samstarfi við sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila.
- Leggja mætti meiri áherslu á að menntun og starfsþróun verði aðgengileg um land allt m.a. með fjarnámsmöguleikum enda mikilvægt fyrir byggðapróun og nýliðun að hægt sé að stunda menntun og starfsþróun í héraði.
- Í stefnudrögunum er gert ráð fyrir að sett verði skýr viðmið um flokkun landbúnaðarlands. Eins og fram kemur í fyrrgreindri stefnu sambandsins þá styður sambandið að landnýting byggji á flokkun landbúnaðarlands. Hins vegar telur sambandið rétt að árétta það sem kemur fram í fyrri umögn sambandsins um málið, sérstaklega eftirfarandi ummæli atvinnuveganefndar:

„Fyrir nefndinni komu fram sjónarmið um að mikilvægt væri að samræma og undirbúa betur framkvæmd leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands í því skyni að vel tækist til við flokkunina og unnt yrði eftir mætti að draga úr kostnaði við þennan þátt skipulagsgerðar. Rætt var hvernig ríkisstofnanir, bæði Skipulagsstofnun, fagstofnanir landbúnaðarins og einkum Landgræðsla ríkisins, sem býr yfir mikilli þekkingu á jarðvegs málum og kortagerð, gætu auðveldað sveitarfélögum þessa vinnu. Meiri hlutinn hvatti umhverfis- og auðlindaráðuneyti og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti til að ráðast þegar í vinnu við að bregðast við þessum sjónarmiðum í samstarfi við yfirvöld skipulagsmála. Er nefndinni kunnugt um að sú vinna sé þegar hafin og í trausti þess að úr henni muni greiðast og með vísan til umfjöllunar í áliti meiri hluta nefndarinnar við 2. umræðu telur meiri hlutinn ekki ástæðu til breytinga á frumvarpinu að þessu leyti fyrir 3. umræðu.“

Mikilvægt er að þessi sjónarmið verði höfð að leiðarljósi við útfærslu aðgerða í tengslum við flokkun landbúnaðarlands.

- Þá er mikilvægt að hugað verði sérstaklega að úrgangsmálum í landbúnaði. Vissulega er í stefnunni að finna áherslu á hringrásarhagkerfið en að mati sambandsins er einnig nauðsynlegt að útfæra markvissar aðgerðir t.d. hvað varðar dýraleifar enda er liggur fyrir að meðhöndlun slíks úrgangs er ekki fullnægjandi á Íslandi þar sem nauðsynlega innviði skortir. Jafnframt þarf að taka ákvarðanir um meðhöndlun brennanlegs úrgangs en lengi hefur verið til umræðu að byggja sérstaka brennslustöð fyrir slíkan úrgang. Nánar er fjallað um þessi atriði í umsögn sambandsins um matvælastefnu og vísast því einnig til þeirrar umsagnar um þetta atriði.

Að lokum

Eins og fram hefur komið er það í samræmi við stefnu sambandsins að unnin sé stefnumótun á sviði landbúnaðar. Þá hefur að töluverðu leyti verið tekið tillit til ábendinga sambandsins á fyrri stigum málsins. Árangur af stefnumótun ræðst þó fyrst og fremst af þeim aðgerðum sem ráðist verður í til að ná markmiðum stefnunnar, því fjármagni sem til þeirra verður varið og vel skilgreindri ábyrgð á framkvæmd þeirra. Í stefnunni kemur fram að á grundvelli hennar eigi að vinna aðgerðaáætlun til fimm ára í senn. Sambandið leggur mikla áherslu á að slík áætlun verði unnin í samráði við sambandið, landshlutasamtök, sveitarfélög sem og aðra hagsmunaaðila enda mikilvægt að ná breiðri samstöðu um þær aðgerðir sem ráðist verður í.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri